



Til bæjarráðs

Kópavogi, 30. ágúst 2021
2103983/512.00 AS

Efni: Skálaheiði 2, Íþróttahúsið Digranes – Aðstaða fyrir Skotíþróttafélag Kópavogs

Óskað er heimildar bæjarráðs til opins útboðs á endurnýjum og stækkun aðstöðu fyrir Skotíþróttafélag Kópavogs í kjallara íþróttahússins Digraness við Skálaheiði 2 ásamt innréttingu fyrir kraftlyftingadeild Breiðabliks á 1. hæð hússins.

Í kjallara, þar sem áður var líkamsræktaraðstaða verður komið fyrir nýjum loftþræsikerfum með fullkomnum síubúnaði, einnig verður kúlugildra í ríffilsal endurbætt. Brautum verður fjölgað fyrir loftskammbyssuskotfimi. Snyrtingum fjölgað og aðgengi bætt fyrir hreyfihamlaða.

Austast á 1. hæð, í rými sem áður hýsti Röskvu verður útbúin ný aðstaða fyrir kraftlyftingadeild Breiðabliks.

Áætlaður framkvæmda- og hönnunarkostnaður er kr. 95 milljónir. Framkvæmdin er að mestu fjármögnuð á stofnlið íþróttahússins. Það sem upp á vantar er tekið af viðhaldssjóði fyrir húsið.

Virðingarfyllst,

Ari Sigfússon
Deildarstjóri eignadeildar